

Nr. 20/1896.

Rjettvísín
 gegn
 Helga Ingimundssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Árnassýslu, uppkveðnum 18. marz þ. á., var hinn ákærði, vinnum. Helgi Ingimundsson, dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 3. sinni, samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, til að sæta 1 árs betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjerði, Þorvarðar hreppstjóra Guðmundssonar, 4 krónur. En dómi þessum hefur eptir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að sunnudaginn 20. október f. á. stal ákærði í Arnarbæli í Ölfusi karlmannsúri, er lá í stofuglugga þar á prestssetrinu, en hann hafði eptir messu komið inn í stofuna ásamt öðru kirkjufólki. Úrið hafði presturinn lagt frá sjer rjett áður þar sem ákærði tók það, og hafði prestur verið beðinn fyrir úrið til Reykjavíkur áleiðis til eiganda þess. Ákærði seldi litlu síðar úrið, sem metið hefur verið 14 kr., manni í Gaulverjabæjarhreppi fyrir 6 kr. og keypti fyrir peningana tóbak, sykur, konjak og tveggja potta kút. Úrið hefur komið til skila og verið afhent rjettum eiganda.

Ákærði er fæddur 17. maí 1872 og hefur tvívegis áður sætt refsingu: 1, samkvæmt aukarjett-

ardómi Vestmannaeyjasýslu 9. júní 1893 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir skjalfafals og þjófnað; og 2, samkvæmt aukarjettardómi sömu sýslu 13. apríl 1894 8 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir einfaldan þjófnað framinn í annað sinn. Af brot það, er hann nú hefur gjörzt sekur í, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 1. lið 233. gr. hegningarlaganna, og þykir hegningin fyrir það hæfilega metin í undirdóminum 1 árs betrunarhúsvinna. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber þannig að staðfesta tjeðan dóm í öllum greinum. Ákærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.